Mál S-49/2023 - Skýrsla Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi

Niðurstöður samráðs.

Skýrsla Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi var kynnt á opnum fundi á Hilton Reykjavík Nordica þann 28. febrúar 2023 en einnig var streymt frá fundinum. Sama dag var opnað fyrir ábendingar á Samráðsgátt stjórnvalda og var veittur umsagnafrestur til 4. apríl 2023. Alls bárust 22 umsagnir og þakkar Matvælaráðuneytið fyrir þær.

Eðli málsins samkvæmt voru afar skiptar skoðanir um efnistök, forsendur, umfjöllun og þær niðurstöður sem í skýrslunni birtast. Skýrslan er þó höfundaverk ráðgjafarfyrirtækisins og því var ekki tekið sérstakt tillit til þeirra umsagna sem bárust í gegnum þetta ferli í lokaútgáfu skýrslunnar.

Umrædd skýrsla, ásamt stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar um sjókvíaeldi og niðurstöðum starfshópa matvælaráðuneytisins um smitvarnir og strok, myndar síðan meginstoðir stefnumótunar í lagareldi til ársins 2040 sem aftur birtast í því frumvarpi um lagareldi sem lagt var fram á Alþingi í apríl 2024 (Þingskjal 1376 — 930. mál.)

Helstu niðurstöður skýrslunnar voru kynntar þann 28. febrúar 2023 kl. 13.30 á opnum fundi á Hilton Reykjavík Nordica. Nálgast má upptöku af fundinum hér.